

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 796/1983 og reglugerð nr. 235/1984.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1984.

Albert Guðmundsson

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls sem færa ber til almennrar skoðunar, ber eiganda að greiða 240,00 króna árlegt skoðunargjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð.

Gjald þetta greiðist fyrirfram og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Sama skoðunargjald og greinir í 1. gr. skal greiða fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls við skráningu, svo og fyrir skoðun við umskráningu hafi skoðunargjald vegna ökutækis eigi þegar verið greitt á árinu.

3. gr.

Fyrir árlega skoðun léttra bifhjóla skal greiða 100,00 krónur í skoðunargjald.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1985.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 804 29. desember 1983 um skoðunargjald ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.